

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2023.

Í 22. grein er lagt til að sóknargjöld verði 1.055 kr. - lækkun upp á 52 kr. miðað við fyrra. Vantrú fagnar þessari lækkun.


Síðastliðin þrjú ár hefur upphæð sóknargjalda samt verið hækkuð í meðferð þingsins, sbr eftirfarandi töflu:

Fjárlög árs	Í frumvarpi	Í lögum	Hækkun
2022	985	1.107	122 - 12,4%
2021	980	1.080	102 - 10,2%
2020	930	975	45 - 4,8%

Á þessum þremur árum hækkaði upphæð sóknargjalda um 20% (úr 925 árið 2019 í 1.107 árið 2022). Þær hækkanir voru í engu samræmi við áætlanir eða aðra útgjaldaliði. Það er algerlega réttlætánlegt að taka þessar hækkanir til baka að einhverju leyti eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Auk þess viljum við benda á að raungildi sóknargjalda samkvæmt þessu frumvarpi er nánast það sama og árið 1988, þegar núverandi sóknargjaldakerfi var fyrst innleitt:

Raunvirði sóknargjalda 1988-2023 í kr.



Vantrú

Við viljum taka fram að Vantrú er almennt á móti sóknargjaldakerfinu og telur að réttast væri að afnema þessi framlög úr ríkissjóði alfarið. Á móti væri hægt að lækka tekjuskatt eða hækka persónuafslátt svo að breytingin hafi ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs og svo að þeir sem vilja styrkja trúfélög geti það.

Við hvetjum nefndarmenn til að skoða hvort ekki megi stefna á að taka þetta kerfi til víðtækari endurskoðunar og til dæmis lækka upphæð sóknargjaldsins verulega í skrefum og hækka um leið persónuafslátt eða lækka tekjuskatt. Eða að einfaldlega breyta þessum framlögum í valkvæðan nefskatt.

Fyrir hönd Vantrúar,
Hjalti Rúnar Ómarsson, gjaldkeri Vantrúar